



6.13.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017  
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

## Bréfastassar

Í grein 6.13.1 í byggingarreglugerð segir:

„Í þéttbýli og annars staðar þar sem pósthúsbúnaður fer fram skulu vera kassar eða bréfarifur fyrir móttöku bréfastötsendinga á eða við útihurðir ein-, tví- og þríbýlishúsa. Þar sem tvær íbúðir eða fleiri hafa sameiginlegt aðalanddyri skulu vera bréfastassamstæður fyrir allar íbúðir sem nýta aðkomuna. Sama á við í atvinnuhús-næði þar sem fleiri en einn aðili hefur starfsstöð.


Bréfarifur fyrir móttöku bréfastötsendinga skulu vera minnst 25 x 260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1,00 m og ekki meiri en 1,20 m.

Bréfastassamstæður bygginga skulu staðsettar á aðalinngangshæð. Lýsing við kassamstæðu skal vera fullnægjandi.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

## Leiðbeiningar

- 1 Á aðaluppdráttum fjöleignahúsa skal sýna hvar í aðalanddyri megi koma fyrir bréfastösum.
- 2 Í 2. mgr. 6.13.1 gr. segir: „Bréfarifur fyrir móttöku bréfastötsendinga skulu vera minnst 25 x 260 mm að stærð og staðsettar þannig að fjarlægð frá gólfi (jörðu) að neðri jaðri bréfarifu sé ekki minni en 1,00 m og ekki meiri en 1,20 m.“



Mynd 1. Bréfarifa, öll mál í mm



## Leiðbeiningar

**3** Í 3. mgr. 6.13.1 gr. segir: „...Lýsing við kassasamstæðu skal vera fullnægjandi“.

Lýsing við bréfabúasamstæðu skal vera fullnægjandi og eigi lakari en almennt er krafist í göngum og stigahúsum fjölbýlishúsa.

**4** Við hverja bréfarifu eða á hverjum kassa skal vera skilti eða gluggi, minnst 26x100 mm að stærð, þar sem tilgreint er með stóru og skýru letri fullt nafn húsráðanda og annarra sem hjá honum búa. Ennfremur skal í fjöleignarhúsum tilgreina númer og auðkenni hæðar.

Eigendur (íbúar) fjöleignarhúsa skulu sjá um, að kassarnir séu rétt merktir á hverjum tíma og ber þeim einnig að útvega íbúaskrá fyrir viðkomandi hús.

Innbyrðis staðsetning kassanna skal vera sem eðlilegust til dæmis kassi fyrir íbúð á fyrstu hæð neðstur til vinstri í samstæðunni og svo framvegis.

Kassarnir skulu vera læstir og samstæðan vel fest við vegg, svo að útilokað sé að bréf falli aftur fyrir hana.

Staðsetning kassasamstæðu á vegg skal vera þannig, að hæð frá gólfi að neðri jaðri neðstu bréfarifu sé ekki minni en 700 mm og hæð frá gólfi að efri jaðri efstu bréfarifu sé ekki meiri en 1750 mm.